

# Kaup N1 ehf. á meirihluta hlutafjár í Local ehf.

9. mars 2026

*Kaup Local ehf. á meirihluta hlutafjár í Local ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Fyrirtækin starfa í meginatriðum á ólíkum mörkuðum og lauk Samkeppniseftirlitið málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.*

1. Þann 13. febrúar 2026 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með styttri samrunaskrá um kaup N1 ehf. (hér eftir „N1“) á 70% hlutafjár í Local ehf. (hér eftir „Local“). Þann 18. febrúar 2026 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi í skilningi samkeppnislaga og að frestir til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða þann 16. febrúar 2026.
2. Vegna samrunans barst beiðni frá samrunaaðilum þann 2. febrúar 2026 þar sem vísað er til ákvæðis 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, með ósk um að Samkeppniseftirlitið veitti samrunaaðilum heimild til að láta samrunann koma til framkvæmdar þá þegar. Töldu samrunaaðilar aðstæður þannig að skilyrði fyrir beitingu undanþáguákvæðisins væru uppfyllt. Fyrirhuguð kaup væru forsenda þess að hægt væri að tryggja nauðsynlegt fjármagn, stöðugleika í rekstri og áframhaldandi starfsemi Local. Þá töldu samrunaaðilar ljóst að samruninn myndi ekki leiða til skaðlegra áhrifa á samkeppni. Með bréfi, dags. 4. febrúar 2026, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það væri mat eftirlitsins að skilyrðum 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga væri uppfyllt. Var aðilum því veitt undanþága til að framkvæma samrunann á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann með því skilyrði að samrunaaðilar gripu ekki til neinna aðgerða sem gerðu það ómögulegt eða verulegum erfiðleikum háð að vinna ofan af samrunanum.
3. N1 rekur 97 afgreiðslustaði með fljótandi eldsneyti, auk þess sem félagið sinnir beinni þjónustu við sjávarútveg um allt land og flugrekstraraðila á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli. Til viðbótar rekur N1 sex fyrirtækjaverslanir, 12 hjólbarða- og smurverkstæði, bílapvottastöðvar og hraðhleðslustöðvar á 16 staðsetningum með alls 48 tengi. Árið 2020 keypti N1 rekstur og eignir fjögurra veitingastaða Skyrboozt ehf. Í dag rekur N1 Ísey skyr bar inni á N1 þjónustustöðvum sínum að Ártúnshöfða, Borgartúni, Kringlumýrarbraut Fossvogi og Hringbraut í Reykjavík. Þá fer N1 með yfirráð í félaginu Hlaða heildsala ehf. á grundvelli eignarhalds en engin starfsemi er í félaginu.
4. Allt hlutafé N1 er í eigu Fest hf. (hér eftir „Festi“). Festi er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og er skráð á markað kauphallarinnar á Íslandi. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að eiga og reka fyrirtæki sem eru leiðandi á sínum mörkuðum, þar á meðal en ekki takmarkað við sölu á mat og drykkjarvöru, orku, raftækjum, lyfjum og heilbrigðistengdri þjónustu. Festi er með yfirráð í eftirtöldum félögum á grundvelli eignarhalds: Lyfja hf., Krónan ehf., Elko ehf., Yrkir ehf., Bakkinn vöruhótel ehf. og N1 ehf.
5. Local rekur matsölustaði í Borgartúni, Smáralind, Dalshrauni 11, Kringlunni, Ártúnshöfða og Borgarnesi. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er rekstur veitingastaða, rekstur eignarhaldsfélaga, kaup og sala verðbréfa fyrir eigin reikning, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.



6. Í samrunaskrá er fjallað um skilgreiningu markaða en þar kemur fram að í meginatriðum starfi samrunaaðilar á ólíkum mörkuðum og sé skörun í starfsemi þeirra afmörkuð við rekstur veitinga- og skyndibitastaða. Að mati samrunaaðila sé umræddur markaður staðbundinn, og myndi höfuðborgarsvæðið sjálfstæðan landfræðilegan markað. Þá megi líta svo á að veitingarekstur aðila í Borgarnesi tilheyri staðbundnum landfræðilegum markaði á Vesturlandi. Þar sem áhrifa samrunans gæti ekki á öðrum mörkuðum sé ekki ástæða til að taka afstöðu til landfræðilegs umfangs þeirra.
7. Varðandi samkeppnisleg áhrif samrunans segir í samrunaskrá að viðskiptin muni ekki með nokkru móti raska samkeppni og því sé engin þörf á íhlutun Samkeppniseftirlitsins. Því til rökstuðnings benda samrunaaðilar á að þeir séu með óverulega markaðshlutdeild á markaði fyrir rekstur veitinga- og skyndibitastaða og að mikill fjöldi keppinauta sé á markaðnum. Aðgangshindranir séu ekki fyrir hendi, sem endurspeglast í þeim fjölda nýju veitinga- og skyndibitastaða sem opnað hafa á undanförunum árum og hraðri þróun markaðarins, m.a. með tilkomu mathalla. Þá glími Local við alvarlegan fjárhagsvanda og sé hinn fyrirhugaði samruni forsenda þess að hægt sé að tryggja áframhaldandi starfsemi Local.
8. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Í kaupum N1 á 70% hlutafjár í Local felst tilkynningarskyldur samruni í skilningi ákvæða samkeppnislaga að mati Samkeppniseftirlitsins.
9. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess veitti Samkeppniseftirlitið keppinautum færi á að koma á framfæri athugasemdum vegna samrunans. Engar athugasemdir bárust.
10. Í fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum málsins er ekkert sem bendir til þess að gera þurfi athugasemdir við markaðsskilgreiningar og framangreindar ályktanir samrunaaðila, eða að samruninn myndi markaðsráðandi stöðu eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

## I. Ákvörðunarorð:

**„Kaup N1 ehf. á 70% hlutafjár í Local ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson